Reykjavík 12.12.2019

Verkefnastjórn um bætt eftirlit með auðlindinni.

Nefnd um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlind Íslendinga hefur það verkefni fyrir höndum að koma með tillögur til bóta, varðandi þrjá þætti í sem snúa að fiskveiðistjórnarkerfi okkar og þá sérstaklega til bóta vegna eftirlits.

Hér á eftir skal sérstaklega fjalla um einn þáttinn, þ.e. svokallað kvótaþak. Eða hámarks hlutdeild félaga í aflaheimildum við Ísland bæði í hverri tegund sem og í heildar aflaheimildum. Ástæða þess að það er rætt hér sérstaklega er vegna yfirlýsingar ráðherra málaflokksins á þá leið að hann hyggist kynna tillögur um efnið fyrir áramót. Því hlýtur að liggja á að nefnd okkar skili skýrum tillögum um efnið sem fyrst.

Samtök Fiskframleiðenda og Útflytjenda hafa í áraraðir bent á þá staðreynd sem við öllum blasir, þ.e. samþjöppun veiðiheimilda. Úrræðið með kvótaþakið var einmitt viðleitni sem tók undir þá ábendingu og var hugsað til að hamla frekari samþjöppun í greininni. Það hefur hins vegar ekki gengið eftir að úrræðið dragi úr samþjöppun. Úrræðið hefur verið hriplegt fram að þessu og eftirlit ófullnægjandi. Bæði með því hvort félög séu innan ramma hámarks heimildar sem og það sem að tengslum við önnur félög kemur.

Hvert er viðfangsefnið og er nauðsynlegt að nálgast það með takmörkunum.

Veiðiheimildir við Íslands strendur eru sérleyfi sem útgefin eru til veiða í takmörkuðum veiðistofni. Sérleyfi eru almennt veitt til að veita fyrirtækjum skjól í upphafi rekstrar við vinnslu auðlinda. Hugsuð til þess að fyrirtækin sem komi að frumvinnslunni geti með öruggari hætti fjárfest vegna vinnslunnar án þess að þurfa að óttast samkeppni eða að missa samkeppnisstöðu sína. Í ár eru liðin 35 ár frá því að kvótakerfinu var komið á og því sannarlega hægt að líta á það sem svo að þessi tími sé liðin. Íslenska handhafa veiðiheimilda þarf ekki að vernda lengur fyrir samkeppni.

Hvenær hættir markmiðið um hagræðingu að virka og fara að snúast í andhverfu sína ?

Hvenær fara markaðsbrestir vegna fákeppni að koma fram og þjóðarafkoma að minnka vegna þeirra?

Eru merki um fákeppni nú þegar greinileg í sjávarútvegi á Íslandi ?

Veltum fyrir okkur hlutföllum: 1 % þak, 100 handhafar eða fleiri geta haldið á heimildum Íslendinga.

4 % þak, 25 handhafar eða fleiri geta haldið á heimildum Íslendinga.

12 % þak, 9 handhafar eða fleiri geta haldið á heimildum Íslendinga.

15 % þak, 7 handhafar eða fleiri geta haldið á heimildum Íslendinga.

Tillögur okkar hvað kvótaþakið varðar eru:

Þróun í þessum efnum hefur á undanförnum árum verið í eina átt. Heimildir hafa safnast á fárra hendur. Merki um fákeppni á markaðnum eru mjög skýr; lítil nýliðun, erfið leið inn í kerfið, lóðrétt og lárétt samþætting greinileg. Markaðsbrestir í verðmyndun greinilegir og líkur á þverrandi þjóðarhag vegna markaðsbrestanna afar miklar.

Ef ekkert verður að gert munu 9 aðilar halda á öllum veiðiheimildum okkar innan fárra ára. Jafnframt er líklegt að þetta sé einungis einn aðili sem haldi á hlutdeildinni í 8 tengdum félögum auk síns félags.

> *Samtök Fiskframleiðenda og Útflytjenda taka undir framkomið frumvarp til laga á 150. Löggjafarþingi 2019-2020. Skv. þingskjali 641 – 454. Mál.*
>
> *Að öllu leyti öðru en því sem snýr að fresti eins og fjallað er um í annarri grein frumvarpsins. Álit SFÚ er að frestir séu of rúmir.*

Annað atriði verður að nefna hér jafnframt sem er að áliti SFÚ veigameiri þáttur en kvótaþak. Þegar kemur að viðfangsefninu að hámarka þjóðarhag og minnka áhættu á markaðsbresti vegna fákeppni.

Það atriði sem hér um ræðir er tvöföld verðlagning sem hefur viðgengist í verðlagningu sjávarfangs á Íslandi. Tvöfalda verðlagningin hefur verið drifkraftur í því að veiðiheimildir hafa safnast á hendur fárra handhafa sem í flestum tilfellum eiga það sammerkt að vera samþætt veiða og vinnslu fyrirtæki.

Tvöföld verðmyndun, sem hefur sýnt sig að vera undirverðlagning í langflestum tilfellum stangast á við eftirfarandi lög:

- Lög um kjarasamninga sjómanna þar sem kveðið er á um að útgerðarmaður skuli selja gegn hæsta verði.
- Skattalög sem kveða skýrt á um að undirverðlagning í viðskiptum tengdra aðila sé óheimil.
- Samkeppnislög sem kveða líkt og skattalögin skýrt á um þetta.

Breytingar á verðlagningar ferlum geta haft enn sterkari áhrif í átt frá fákeppni heldur en hamlandi reglur og höft á kvótaeign og skulu því nefnd hér.

f.h. Samtaka Fiskframleiðenda og Útflytjenda.

Arnar Atlason

Formaður

Albert Svavarsson

Stjórnarmaður